



Gestir á afmælishátíðinni nutu sín vel í sólinni. Mynd: Jón K.B.S.

100 ára afmæli Reykholtss fagnað í sól og blíðu

Um 250 manns komu saman í Reykholti í Bláskógarbyggð til að fagna 100 ára afmæli þann 20. maí sl. á einstaklega fallegum degi þar sem sól og blíða settu svip sinn á hátíðahöldin. Dagurinn þótti í alla staði afar vel heppnaður.

Við hátíðlega athöfn opnaði Bjarni

Kristinsson á Brautarhóli, kaupmaður í Bjarnabúð, nýtt söguskiltasvæði með því að klippa á borða. Jafnframt afhjúpaði hann eftirmynd af Jóni Halldórssyni, þeim manni sem lagði grunninn að starfsemi í Reykholti með því að gefa land og fé undir skóla fyrir réttum 100 árum.

Bjarni Harðarson flutti erindi um Jón Halldórsson og upphaf Reykholtss og rifjaði upp merkilega sögu staðarins.

Börn úr Reykholtsskóla fluttu söngatriði undir stjórn Unnar Malínar og undirleik annaðist Karl Hallgrímsson.

Einnig var boðið upp á sögugöngu um

Reykholt undir leiðsögn Sveins Sælands á Espiflöt þar sem saga svæðisins var rakin fyrir gestum.

Gestum var boðið upp á léttar veitingar við opnunina, hverabrauð í göngunni og að lokum kaffi í Aratungu.

Flóki viskí lítur dagsins ljós eftir fimm ára þroskun í Hellunum á Hellu



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TR

Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.tr.is

ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

40% afsláttur af skoðun fyrir húsbíla og móturhjóli dagana 15 maí til 16 júní!

Takk fyrir stuðninginn kæru íbúar Árborgar!

Þá liggur niðurstaðan fyrir í sveitarstjórnarkosningunum 2026 þar sem Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg fékk 52,8% atkvæða og umboð til að leiða bæjarstjórn Árborgar næstu fjögur árin.

Við erum þakklát og auðmjúk fyrir traust ykkar íbúa í Árborg. Við göngum gríðarlega stolt frá kosningabaráttunni þar sem við lögðum áherslu á málefni og framtíð Árborgar. Barátta sem sýndi þann mikla jákvæða kraft sem býr í Sjálfstæðisflokknum í Árborg.

Árangur sem þessi er ekki sjálfsgæður og við viljum þakka öllum þeim sem komu að kosningabaráttunni með einhverjum hætti. Geggið liðsheild þar sem allir lögðust á eitt og TAKK

íbúar sem lögðu sitt atkvæði við D-listann. Við munum áfram starfa af heiðarleika og heilindum fyrir allt samfélagið okkar hér í Árborg.

Nú hefst vinna nýrrar bæjarstjórnar þar sem við munum

halda áfram ábyrgri fjármála- stjórn sem á að skila íbúum og fyrirtækjum betri lífsgæðum og lægri álögum til framtíðar.

Frambjóðendur D-listans í Árborg



Náttúruleg **Útihúsgögn.is**
Úti allt árið

Alvöru tréhúsgögn
Handsmíðuð Gæðavara

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótel

info@utihusgogn.is

Borðbekkir, Garðbekkir, Borðsett 4-12 manna, Hringborð

Eva Rut og Óskar Ingi eru dúxar Menntaskólans að Laugarvatni

52 nýstúdentar útskrifuðust úr Menntaskólanum að Laugarvatni laugardaginn 23. maí 2026 við hátíðlega brautskráningarathöfn.

Fjölskyldur, vinir og velunnarar skólans söfnuðust saman til að fagna með nýstúdentunum í lok þriggja ára framhaldsskólans við ML.

Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir skólameistari fagnaði gestum og nýstúdentum í ræðu sinni og þakkaði foreldrum og aðstandendum sérstaklega fyrir hlut þeirra í skólastarfinu. Hún dró fram gildi þess lýðræðislega starfs sem einkennir ML og lagði áherslu á félagslíf og virka þátttöku nemenda sem grunn að sjálfstæðri hugsun og borgaravitund.

Dúxar

Tveir nemendur hlutu dúx-titilinn – Eva Rut Jóhannsdóttir frá Hveragerði og Óskar Ingi Eypórsson frá Selfossi – bæði með einkunnina 8,75. Semi dúx varð Hrefna Erla Hannesdóttir frá Kópavogi með einkunnina 8,63.

Dúx scholae meðal allra nemenda skólans var nemandi í 1. bekk; Ómar Azfar Valgerðarson Chattha frá Hellu, með einkunnina 9,3, en semi dúx scholae varð Andrea Sjöfn Atladóttir með 9,2 sem er einnig nemandi í fyrsta bekk ML.



Fjórir nemendur hlutu styrk úr Styrktarsjóði Kristins og Rannveigar. F.v. Hrefna Erla Hannesdóttir, Óskar Ingi Eypórsson, Eva Rut Jóhannsdóttir og Kamilla Sól Valdimarsdóttir Nokkala. Mynd: ML.

Styrktarsjóður Kristins og Rannveigar

Fjórir nemendur hlutu styrk úr Styrktarsjóði Kristins og Rannveigar, að upphæð 80.000 krónur hvert, fyrir framúrskarandi frammistöðu bæði í námi og félagsstörfum. Styrkþegar ársins voru Óskar Ingi Eypórsson, Eva Rut Jóhannsdóttir, Hrefna Erla Hannesdóttir og Kamilla Sól Valdimarsdóttir Nokkala.

Tónlist og ávörp

Hluti nýstúdentanna flutti tvö lög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar, stjórnanda kórs ML. Kórfélagarnir fluttu lögin Orðin mín eftir Braga Valdimar Skúla-

son og Smávinir fagrir, lag eftir Jón Norðdal við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Fulltrúi nýstúdenta, Lilja Björk Sæland, fyrrum stallari Mímis, ávarpaði samkomuna í hnyttinni ræðu og Sigurpáll Árnason flutti ræðu fyrir hönd afmælisárganga. Sigurpáll var fulltrúi 20 ára júbílanta og skipulagði hátíðarkvöldverð júbílanta sem fór fram síðar um daginn. Athöfninni lauk með skólasöngnum Til fánans og sleit skólameistari þar með 74. starfsári skólans. Að athöfn lokinni var nýstúdentum og gestum boðið til kaffisamsætis í matsal ML.

Frú Sigurlaug Mjódd

Mikið úrval af náttfötum fyrir dömur og herra

Glæsileg vefverslun

SÍMI - 774 - 7377 | www.frusigurlaug.is

Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

prentmet **ÓDDI**
heildartlausnir í prentun



Útskriftarhópurinn ásamt Jónu Katrínu Hilmarsdóttur, skólameistara. Mynd: ML.

Bráðaviðbragð í Örfum komið í hendur heimamanna

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur nú formlega afhent heimamönnum í Örfum umsjón bráðaviðbragðs á svæðinu. Verkefnið markar mikilvægan áfanga í þróun þjónustunnar, þar sem heimamenn taka nú við ábyrgð á fyrsta viðbragði við bráðum veikindum og slysum.

Bráðaviðbragð í Örfum var fyrst sett á laggirnar í tilraunaskyni í ágúst 2023 og stóð þá yfir í einn mánuð. Markmið verkefnisins var að efla fyrstu viðbrögð á svæði þar sem langt er í heilbrigðisþjónustu, ekki síst í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna. Árið 2022 hafði HSU jafnframt gert samning við björgunarsveitina Kára í Örfum um mönnum vettvangsliðahóps, sem hefur reynst afar vel og mun halda áfram störfum.

Í kjölfar jákvæðrar reynslu var verkefnið endurtekið sumarið 2024, yfir mánuðina júní til ágúst, í góðu samstarfi við aðra viðbragðsaðila á svæðinu. Frá júní 2025 var bráðaviðbragðið rekið samfellt fram til 1. maí 2026.

„Sagan hefur sýnt okkur hve brýnt er að hafa bráðaviðbragð á þessu víðfeðma og dreifbýla svæði. Það er ánægjulegt hve farsælt og gjöfult samstarf heimamanna, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og ráðuneytisins

hefur reynst við að koma slíku viðbragði á fót. Nú hefur það verið fest tryggilega í sessi með markvissum undirbúningi og góðu skipulagi og ég veit að verkefninu verður vel sinnt í traustum höndum heimamanna í Örfum“ segir Alma D. Möller heilbrigðisráðherra.

Undanfarin misseri hafa íbúar í Örfum markvissat aflað sér menntunar í sjúkraflutningum og undirbúið sig fyrir að taka við verkefninu. Þeir voru því tilbúnir að taka við keflinu 1. maí síðastliðinn og sinna nú þjónustunni með bakvöktum allan sólarhringinn.

Helsta breytingin felst í því að sjúkrabíll er ekki lengur staðsettur í Örfum. Í staðinn er nú viðbragðsbifreið, búin nauðsynlegum sjúkrabúnaði til að bregðast við bráðum aðstæðum. Þessi þróun markar skref frá tíma-

bundnu úrræði yfir í sjálfbæra og staðbundna lausn þar sem heimamenn gegna lykilhlutverki í að tryggja öryggi íbúa og gesta á svæðinu.

Um viðbragðið segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU; „Við hjá HSU erum afar stolt af þeim áfanga sem hér hefur náðst og þakklát fyrir það traust og samstarf sem hefur gert þetta möglegt. Árangurinn er afrakstur markvissrar vinnu, öflugs samstarfs og framsýni.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs og erum fullviss um að þjónustan muni styrkjast enn frekar í höndum þeirra sem þekkja svæðið best og stand því næst“

HSU óskar Örfingum innilega til hamingju með þennan mikilvæga áfanga.

HSU



Sterk frammistaða sunnlenskra júðómanna á Íslandsmóti

Íslandsmót í judo fór fram í Laðstöðu Judodeild Ámanns laugardaginn 16. maí.

Tókust þær á um Íslandsmeistara titilinn í flokki yngri en 21 árs þær Ella Rogge og Agla Ósk. Sigræði Agla Ósk nokkuð örugglega í þetta skiptið þó Ella ætti góða spretti. Efnilegir jedomenn þar á ferð.

Þá keppti Arnar Helgi Arnarsson í flokki undir 21 árs. Arnar Helgi hefur oft átt betri daga en hlaut annað sæti á eftir Viktori Kristmundssyni JR.

BUDO NORD 2026

Þá keppti Agla Ósk á Budo Nord í Svíþjóð á föstudaginn 15. maí. Agla Ósk sem er að keppa á yngsta ári í flokki undir 21 árs stóð sig mjög vel. Hún náði reyndar ekki að landa sigri og tapaði sínum 2 glímum við svart belta á lármarks stigum og kláraði báðar glímurnar til enda. Frábær árangur og lofar góðu.




Frá vinstri Ella Rogge frá UMFS og Agla Ósk Ólafsdóttir JS Íslandsmeistari

Við erum að taka verslunina okkar á Selfossi í gegn

Vegna breytinga hefur verið lokað tímabundið og þökkum við viðskiptavinum kærlega fyrir sýndan skilning og þolinmæði.

Laugardaginn 30. maí kl. 9

opnum við aftur endurbætta verslun með frábærum opnunartilboðum!



Flóki viskí lítur dagsins ljós eftir fimm ára þroskun í Hellunum á Hellu

Sögulegur áfangi í íslensku Svískigerð átti sér stað þann 22. maí sl. þegar Eimverk Distillery og Caves of Hella luku formlega við átöppun á einstöku fimm ára Flóka viskí sem þroskast hefur í manngerðu Hellunum á Hellu frá árinu 2021.

Við hátíðlega athöfn djúpt inni í hellunum voru þrjár eikartunnur af Flóka viskí tappaðar beint á flöskur eftir samfellt fimm ára þroskunarferli við einstakar náttúrulegar aðstæður. Um er að ræða afar takmarkað upplag af tunnustyrktu viskí, um 53,5% alc/vol, sem þegar hefur vakið mikla athygli meðal safnara og unnenda hágæða viskís.

„Það var virkilega spennandi stund þegar innsigli fyrstu tunnunnar var rofið eftir 5 ára geymslu. Sérfræðingarnir hjá Eimverk voru mjög ánægðir með bragð og karakter viskísins og gestir höfðu á orði að það væri sérlega gott og mjúkt. Flöskur með þessu einstaka viskí verða fáanlegar hjá Eimverk innan skamms og í kjölfarið verður aftur fyllt á tunnurnar því ljóst er að aðstæður í hellunum eru kjörnar fyrir viskí.“ Segir Ólöf Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri Hellanna á Hellu, í samtali við Dagskrána.

Brú á milli fortíðar og framtíðar

Samstarfið hefur verið farsælt. Tugþúsundir gesta hafa virt tunnurnar fyrir sér á þroskunartímanum, lært að viskífið



Stefán Smári Ásmundsson leiðsögumaður Hellanna við Hellu og Ólöf Þórhallsdóttir framkvæmdastjóri Hellanna við Hellu. Ljósmyndari: Jóhann Jóhannsson.

sé unnið úr íslensku byggi sem ræktað er í næsta nágrenni hellanna og nefnt eftir Hrafna-Flóka.

„Þetta verkefni tengir okkur órjúfanlega við upprunann og íslenska menningarsögu,“ segir talsmaður Eimversks Distillery.

„Á sama tíma og við drögum þessa dýrmaetu dropa úr djúpum hellanna, horfum við fram á veginn en í Bjálmholti við Hellu rís nú nýtt eimingarhús Eimversks, sem verður glæsilegur áningarstaður fyrir gesti, en fyrirhuguð opnun þess er sumarið 2027“.



Haraldur sést opna innsigli. Ljósmyndari: Helga Sunneva Haraldsdóttir.



Haraldur Þorkelsson framkvæmdastjóri Eimverk og Ólöf Þórhallsdóttir framkvæmdastjóri Hellanna við Hellu. Ljósmyndari: Irena Sólveig Sverrisdóttir Stolzenvald.



Grillað nautaribeye með sumarsalati og tapenade-kartöfluskífum

Matgæðingur vikunnar er Úlfar Þór Gunnarsson.

Nauta ribeye 1 kg
60 g smjör
2 greinar af rósmarín

rauðlaukur skorinn í sneiðar og látið marinerast helst yfir nótt. Og svo blandað við ferskt salat og fetaost ásamt örllitlu af olíunni af ostinum.

Tapenade

130 g grænar ólífur
70 g svartar ólífur
1 knippi af steinseljú án stönguls
10 g capers
50 g xv ólífuolía
2 hvítlauksrif
15 g sítrónusafi

Nautaribeye skorðið í 4 sneiðar og sett í 4 vacuum eða ziplock poka ásamt 15 g af smjöri og 1/2 grein af rósmarín í hvern poka og eldað í vatnsbaði við 56°C í 90 mín. Svo grillað við háan hita, helst á kolagrilli, þar til falleg brúning fæst á hvora hlið og kryddað með sjávarsalti og grófum svörtum pipar.

Á meðan tuddinn slakar á í baðinu er kjörið að undirbúa salatíð og kartöflurnar en það má alveg eins gera fyrir, og jafnvel betra.

Sumarsalat

1 haus íssalat eða lambhaga
150 g sólþurrkaðir tómatar
250 g kirsuberjatómatar
1 rauðlaukur
200 g fetaostur

Ferskt salat, sólþurrkaðir tómatar skornir í sneiðar, kirsuberjatómatar skornir í fernt,

Öllu blandað saman í matvinnsluvél og maukað gróft saman.

3-4 Bökunarkartöflur skornar í ca. 1,5 cm þykkar sneiðar, smurðar hvítlauksolíu og bakaðar í ofni við 160°C í 20-25 mín. Þetta má gera daginn áður og smyrja svo tapenade-maukinu á skifurnar og hita upp á grillinu. Og svo fæst frábær köld bernaise-sósa í öllum betri kaupfélögum landsins.

Verði ykkur að góðu og gleðilegt grillsumar.

Ég skora á Gísla Stefánsson kjötmeistara og stórsöngvara að deila með okkur einhverju góðgæti í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Stæðileg og stór í hátt, staf sem nokkrir eigi. Úti á túni eftir slátt, indíánar oft segi.

Svar við gátu í blaði 2853: VARP

1. Sjónvarp - 2. Endurvarp
3. Fuglavarp - 4. Andvarp



Við prentum ljósmyndir fyrir þig og þína

honnun.prentmetoddi.is



Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER





VÉLSMIÐJU SUÐURLANDS TORFÆRAN

Laugardaginn 30.maí kl.10:00

3.500 kr.inn
frítt fyrir 14 ára og yngri

Í Stangarhyl

Matarvagnar

við Laugarvatnsveg í Grímsnesi

á staðnum

Í beinni útsendingu

Hoppukastali fyrir börnin
ef veður leyfir

á www.tktv.is



Frá kirkjugörðunum í Þorlákshöfn og á Hjalla í Ölfusi.

Stjórn kirkjugarðanna býður aðstandendum og forráðamönnum sem eiga leiði í kirkjugörðunum aðstoð, sér að kosnaðarlausu, ef þeir telja þörf á lagfæringum á leiðum.

Efni, t.d. þökur, verður til staðar svo og nauðsynleg verkfæri. Starfsmenn verða til aðstoðar.

Þeir sem ekki hafa tök á að nýta þetta boð er bent á að hægt er að koma óskum um lagfæringar á netfangið groa@portland.is. Æskilegt er að fá sent á sama tölvupóstfang fyrirspurnir og lýsingu á því hvað þurfi að lagfæra til að tryggt sé að nauðsynlegt efni og áhöld séu til staðar.

Einnig er hægt að hafa samband við Hjörleif, formann sóknarnefndar í síma 893-2017.

Þorlákshafnarkirkjugarður

laugardaginn 30. maí kl. 10 - 13

Hjallakirkjugarður

laugardaginn 6. júní kl. 10 - 13

Stjórn Þorlaks- og Hjallakirkjugarða.

Getur list læknað með því að tengja saman huga og líkama?

Listasafn Árnesinga og Listasafn Íslands stóðu fyrir metnaðarfullu 2ja daga námskeiði fyrir sérfræðinga, dagana 20. og 21. maí.

Námskeiðið bar yfirskriftina Getur list læknað með því að tengja saman huga og líkama? Og leitt til aukinnar þátttöku, vellíðunar og inngildingar?

Námskeiðið var vel heppnað og færri komust að en vildu. Þátttakendur voru frá mismunandi stöðum úr samfélaginu; listamenn, kennarar, fræðslufulltrúar safna, iðjuþjálfar, sálfræðingar o.fl.

Markmiðið var að kynna aðferðum sem efla tengsl huga og líkama í gegnum listaköpun. Einnig að auka skilning á áhrifum skapandi ferla og safnaheimsókna á vellíðan, sjálfstjórningu og félagslega þátttöku, sérstaklega hjá fólki með einhverfu eða fötlun.

Leiðbeinendur námskeiðsins voru Thomasine Giesecke og Pascale Chau-huu.

Thomasine Giesecke hefur 20 ára reynslu sem safnkennari við Musée d'Orsay og Musée de l'Orangerie í Frakklandi. Vinnustofur Thomasine leggja áherslu á snertingu og líkamsbundna sköpun, jafnvel fyrir þau sem upplifa sig oft jaðarsett í menningarrýmum. Hún talar fyrir því að list og söfn séu inngildandi, skynræn rými — staðir þar sem fólk getur eftt tenginguna við sjálft sig og öðrum á ný í gegnum

einfaldan og læknaði kraft sköpunarinnar. Pascale Chau-huu lærði myndlist við Marseille School of Fine Arts. Undanfarið ár hefur hún leitt listavinnustofur þar sem hún deilir reynslu sinni, auk þess sem hún vinnur að eigin listaköpun, allt frá málverkum, myndasögugerð og auglýsingahönnun til vefhönnunar og tæknibrellna í teiknimyndum. Thomasine og Pascale eru báðar búsettar í París en komu til landsins til að leiða námskeiðið.

Unnið var með fjölbreytt efni á borð við leir, stop-motion myndband og grafískar aðferðir. Æfingar í þrívídd og líkamsvitund með áherslu á sköpun sem leið til tengsla, skynjunar og vellíðunar. Kynningar og umræður um hvernig listaverkefni og safnaheimsóknir geta haft jákvæð áhrif á einstaklinga með einhverfu, m.a. með aukinni einbeitingu, sjálfstjórningu og þátttöku í hópastarfi.

Fjallað var um hvernig hægt er að aðlaga vinnustofur að ólíkum markhópum.

Námskeiðið veitti fagfólki verkfæri til að þróa vinnustofur og fræðsluverkefni fyrir fjölbreytta hópa. Verkefnið styrkir menningarlega þátttöku fólks sem stendur utan hefðbundins listalífs, eflir samkennd og tengsl milli hópa og undirstrikar mikilvægi listar í menntun, vellíðan og félagslegri inngildingunni.

Verkefnið hlaut styrk frá Safnaráði og var samstarfsverkefni Listasafns Árnesinga og Listasafns Íslands.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hægt er að senda inn fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is



Sgr Bygg ehf Sérhæfir sig í
uppsteypu mannvirkja

Sími 867-4088

RJÚFUM VÍTAHRINGINN



KANNSKI EKKI SAMMÁLA UM ALLT. EN SAMMÁLA UM ÞAÐ SEM SKIPTIR MESTU MÁLI.

**HALLDÓRA S.
SVEINSDÓTTIR,**
FORMAÐUR BÁRUNNAR

**KNÚTUR RAFN
ÁRMANN**
EIGANDI OG FRAMKVÆMDA-
STJÓRI FRÍÐHEIMA

Samtök atvinnulífsins þakka fyrir góðan fund á Selfossi.

Verðbólga og háir vextir hafa áhrif á okkur öll. Heimili, fyrirtæki og samfélagið í heild. Þess vegna skiptir máli að við tölum saman af hreinskilni og leitum leiða til að ná meiri stöðugleika.

Við þurfum ekki að vera sammála um allt til að standa saman um það sem skiptir mestu máli.

sa.is


 **samtök
atvinnulífsins**

100 ára afmæli Reykhol



Íts fagnað í sól og blíðu

Myndir: Jón K.B.S.




Hannyrðahornið

Fléttueyrnaband fyrir börn

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is**Tækniupplýsingar:**

Bandið er prjónað slétt fram og til baka. Prjónið **ALDREI** fyrstu lykkjuna á prjóninum, heldur takið lykkjuna yfir á hægri prjón og hafið bandið fyrir framan, þegar þetta er gert fæst fallegur kantur báðum megin.

Þegar búið er að fella af er bandið saumað saman, þannig: brjótið annan endann í tvennt, stingið hinum endanum inn á milli og brjótið saman svo hann lendi utan á fyrri helmingsnum.



Hér er myndband sem sýnir hvernig þetta er gert

Stærðir:

Aldur: 1-3 ára / 4-8 ára / 9-12 ára
Ummál ca. 40 cm / ca. 47 cm / ca. 54 cm.

Athugið að börn eru misjafnlega höfuðstór og því er góð regla að taka mál af ummáli höfuðs. Stærðir hér að ofan eru aðeins til viðmiðunar.

Garn:

T.d. Viking Reflex, Big Bio Balance eða handlitað garn (Clover) frá Bobby. Garnið fæst hjá Bobby Hveragerði og bobby.is

Magn: 20 - 30 gr

Prjónafesta 20-22/10 á prjóna nr. 4

LESIÐ VEL YFIR UPPSKRIFTINA
ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA.

Fléttueyrnaband - uppskrift

Fitjið upp 18 - 20 - 22 lykkjur á prjóna nr 4, prjónið garðapryjón fram og til baka. Prjónið **ALDREI** fyrstu lykkjuna á prjóninum, heldur takið lykkjuna yfir á hægri prjón og hafið bandið fyrir framan, þegar þetta er gert fæst fallegur kantur báðum megin.

Endurtakið þar til að bandið hefur náð þeirri lengd sem óskað er.

ATH. Þegar prjónlesið er mælt, er gott að slétta aðeins á stykkinu þar sem garðapryjón kprast aðeins saman... alls ekki teygja samt of mikið.

Fellið af og saumið saman stykkið. Gangið frá endum.

Þvottur: Ef þið treystið þvottavélinni ykkar má setja flíkina á ullarvögg, við mælum með að vinda ekki nema í ca 1 - 2 mín mest 400 - 800 snúninga eða bara þvo í höndum.

**BOBBÝJARDÆTUR**

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar uppskriftir
Hannyrðahornsins eru
aðgengilegar inni á DFS.is






Framleiðum allar helstu gerðir af
öskjum, bókum, límmiðum og almennu prentverki.

Núna bjóðum við einnig upp á **bylgjukassa, bréfpoka** og margar aðrar umbúðalausnir.

Umhverfisvænn
 kostur fyrir þig!



Umbúðir



Almenn prentun



Límmiðar



Bækur



Stimplar



Bréfpokar

Reykjavík 5 600 600
 Selfoss 4 821 944
 Akureyri 4 600 700

sala@prentmetoddi.is
 selfoss@prentmetoddi.is
 akureyri@prentmetoddi.is
 prentmetoddi.is





Ljóð vikunnar

Á MÓTI STRAUMNUM

Skáldskapurinn
fer sína leið
gegn straumnum

hann breytir ekki mannum
sem á sér óvissa og fjarlæga framtíð

en stundum er hann björgunarhringur
handa þeim sem eru alveg að drukna.

Germain Droogenbroodt

Málverk eftir Rauf Janlbekov, Aserbædsjan

Úr "Fragile Balance"

*Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu
höfundar og Stanleys Barkan*

ÚTBOÐ

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í:
„Hamragarðar - bílastæði - 2026“



Verkið felur í sér gerð á bílastæðum við Hamragarða með niðurföllum.

Helstu magntölur eru:

- Styrktarlag 8.000m³
- Gröftur 2.000m³
- Niðurfalalögn. 337 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2026.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 26. maí 2026. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Þóru Björg Ragnarsdóttur, hjá Rangárþingi eystra með tölvupósti í netfangið thorabjorg@hvolsvollur.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur fyrir **kl. 13.00 miðvikudaginn 10. júní 2026** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þóra Björg Ragnarsdóttir
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Vorfundur UMFÍ færður á Selfoss vegna stöðu samgangna til Eyja

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Selfossi laugardaginn 9. maí sl. Fundurinn átti upphaflega að fara fram í Vestmannaeyjum, en var færður vegna stöðu samgangna til Eyja.

Fulltrúar sambandsaðila UMFÍ, svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna og stjórn og starfsfólk UMFÍ voru boðaðir á fundinn. Guðmundur Jónasson gjaldkeri HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri voru fulltrúar HSK á fundinum. Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK og stjórnarmaður í UMFÍ sat fundinn og þá mættu einnig svæðisfulltrúar íþróttahéraða á Suðurlandi, þær Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ flutti stutt ávarp í upphafi fundar. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fjallaði um ýmis mál sem hafa verið á borðum stjórnar og starfsfólks frá sambandsþingi UMFÍ í október í fyrra og nefndi m.a. björgunarpakkann svokallaða.

Á meðal helstu nýjunganna sem Auður sagði frá er ný vefgátt, sem er í smíðum hjá Abler og á að auðvelda fólki að finna íþróttastarf við hæfi, sérstaklega fyrir börn með fatlanir. Hún benti jafnframt á að bráðabirgðalausn hefði verið þróuð fyrir íþróttafélög svo þau gætu séð hvaða þjálfarar á þeirra vegum hefðu skilað inn sakavottorði. Auður vakti athygli á fræðsluefni um íþróttir og konur, sem eru tæplega 50 fyrirlestrar á netinu sem eru sérstaklega ætlaðir konum.

Auður fór jafnframt yfir stöðu stefnumótunar íþróttahreyfingarinnar sem staðið hefur yfir frá því í fyrrahaust. Annar fasi verkefnisins fólst í fundum um allt land með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar.

Þróun íþróttar til framtíðar

Auður sagði samfélagslegan

ávinning af íþróttastarfi ótvíræðan og rifjaði upp að 50% barna sem stundi íþróttir telji sig hamingjusöm á móti þeim 33% sem geri það ekki. Svo virðist sem frambjóðendur allra stjórnmalaflokka séu sammála um mikilvægi íþróttaiðkunar og lofi þeir að hækka frístundastyrki. Af þeim sökum þurfi að efla hreyfingu barna.

Nauðsynlegt er hins vegar að þróa og laga íþróttastarf að breyttum tímum, að sögn Auðar, sem benti á að íþróttahreyfingin nái til barna í skipulögðu íþróttastarfi. Eldra fólk sé hins vegar óræðari hópur iðkenda hér. Hún benti á að í Danmörku sé sem dæmi stærsti hópur iðkenda á aldrinum 40–59 ára. Þessi sami hópur sést ekki í gögnum íþróttahreyfingarinnar hér á landi. Það veki upp spurningar um hvort og hvernig íþróttahreyfingin geti náð til þessa aldurshóps.

Að lokum benti Auður á þann efnahagslega ávinning sem felst í því ef börn af tekjulægri heimilum taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Miðað við norska rannsókn og þarlent reiknilíkan nemi árlegur ávinningurinn af því að 100 einstaklingar, 20 ára og eldri, fari úr því að vera líkamlega óvirkir í það að hreyfa

sig reglulega, 1,5 milljörðum norskra króna.

Blásam lofti í boltann

Auður benti á að á sama tíma og ávinningur af skipulögðu íþróttastarfi er ótvíræður hafa fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar ekki fylgt verðbólguþróun og því í raun dregist saman í gegnum árin.

„Loftið hefur verið tekið úr boltanum okkar og þetta er hvatning til að blása lofti í hann á ný,“ sagði hún. Eftir inngangsorð Auðar tóku við umræðuhópar þar sem fjallað var um ýmsar hliðar íþróttar og íþróttastarfs, mótahald og fleira.

Þrjú erindi til viðbótar voru flutt á vorfundinum. Birna Hannesdóttir, svæðisfulltrúi íþróttahéraðanna á Vestfjörðum, fjallaði um stefnumótun íþróttafélaga á svæðinu, Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Vestur-Skaftafellsýslu (USVS), ræddi um nýlegan samning sambandsins við sveitarfélögin Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp. Að lokum fjallaði Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, um mótahald og áskoranir tengdar Unglingalandsmóti UMFÍ.



Mynd: Að loknum Vorfundi boðaði Selfyssingurinn Jón Aðalsteinn fundarfólk í myndatöku. Mynd: Aðsend.

Borgarverk ehf skrifaði undir samning við Sveitarfélagið Árborg vegna endurgerðar gatna og veitna við Seljaveg og Tunguveg á Selfossi

Undirritaður var samningur þann 13. maí 2026 milli Borgarverks ehf og Sveitarfélagsins Árborg vegna endurgerð gatna og endurnýjunar veitna.

Verkið felur í sér endurgerð á götunum Seljavegi og Tunguvegi á Selfossi.

Endurnýja skal fráveitu-, vatnsveitu-, hitaveitu-, ídráttarrör, ljósastauralagnir og ljósastaura.

Verktaki skal einnig malbika götu, steypa kantsteina og malbika gangstéttar.

Helluleggja skal hraðahindranir, gera niðurtektir með dopp-

uhellum og leiðarlínuhellum fyrir gangandi umferð.

Að lokum skal setja upp umferðarmerki og massa um-

ferðarmerkingar. Einnig munu HS-Veitur leggja nýjar raflagnir í götuna.

Árborg



Mynd: Árborg.

Heiðursformaður sambandsins setur HSK met

Fjórir keppendur Umf. Selfoss settu samtals 15 HSK met á stökkmóti öldunga í frjálssþróttum sem haldið var í Selfosshöllinni 2. maí.

Guðmundur Kr. Jónsson Heiðursformaður HSK var á meðal þátttakenda. Hann setti samtals fimm HSK met á mótinu, en hann tvíbætti met Jóns. M. Ív-arssonar í langstökki án atrennu í flokki 75-79 ára og stökk lengst 1,90 metra. Þá þrívætti hann met Jóns M. í þrístökki án atrennu og stökk lengst 5,21 metra. Það er gaman að segja frá því að líklega eru 45 ár síðan Guðmundur Kr. setti síðast HSK met, en hann á enn HSK metin í sömu greinum í flokki 34-39 ára, sett árið 1981. Elsta HSK met Mumma, sem enn stendur, er í þrístökki 18-19 ára utanhúss og var sett á Laugarvatni 12. júlí 1965, viku eftir hið fræga Landsmót UMFÍ.

Kári Jónsson, bróðir Guðmundar Kr., var á meðal þátttakenda og hann tvíbætti HSK metið

í langstökki án atrennu í flokki 65-69 ára, stökk lengst 2,36. Tómas Jónsson átti metið og var orðið 28 ára gamalt. Páll Jökull Pétursson bætti svo einu meti við í safnið, en hann bætti eigið met í þrístökki 65-69 ára, stökk 6,08 metra.

Ólafur sonur Guðmundar Kr. keppti á mótinu, en fáir eða engir hafa sett fleiri HSK met í frjálsum en Óli. Hann setti engin met að þessu sinni.

Kristín Björg Albertsdóttir, fjórbætti HSK metið í hástökki án atrennu í flokki 60-64 ára kvenna á mótinu, stökk hæst 0,95 metra. Svo virðist sem þessi árangur sé einnig landsmet, en samkvæmt gagnagrunni FRÍ er þetta í fyrsta sinn sem kona á þessu aldursbili keppir á löglegu móti í greininni. Kristín þrívætti svo HSK metið í hástökki, stökk hæst 1,10 metra. Í stökkseríunni náði hún að jafna landsmetið sem var 1,05 og bætti svo landsmetið við næstu hæð.



Guðmundur Kr. Jónsson heiðursformaður HSK, 2.f.v. á myndinni, setti HSK met í frjálssþróttum í byrjun maí. Hann setti fjölda HSK meta á sínum yngri árum. Elsta metið sem enn stendur setti hann viku eftir Landsmótið á Laugarvatni árið 1965. Mynd: Aðsend.

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Írafossvirkjun; Selfosslína 1 - endurnýjun og lagning jarðstrengs; Tenging við Írafossvirkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2601055

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2026, að kynna breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að Selfosslína 1 sem liggur frá Ljósafofssstöð að Selfossi verður endurnýjuð að hluta. Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að Selfosslína 1 verður endurnýjuð að hluta að Írafoss- og Ljósafofssstöðvum. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um allt að 3 km leið frá Ljósafofssstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlínuhluti línunnar tekinn niður.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. Hlaupunga L229945 við Brúarfoss; Áningarstaður; Deiliskipulag - 2604039

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 13. maí 2026, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Hlaupungu L229945. Um er að ræða skipulag fyrir áningarstað skammt frá Brúarfossi. Skipulagssvæðið er u.þ.b. 826 m² að stærð. Fyrir er á svæðinu malarplan ásamt aðkomuvegi. Landeigendur hafa lagt á bílastæðagjald og hyggjast nota ágóða þess til uppbyggingar á svæðinu, svo sem að leggja bundið slitlag á bílastæði, koma upp salernisaðstöðu og auka upplýsingagjöf, m.a. um hættur á svæðinu.

3. Klausturhólar L177600; Uppskipting námusvæðis í tvo hluta; Deiliskipulag - 2511042

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2026, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Klausturhóla. Fyrirhugað deiliskipulag nær til hluta námusvæðis Klausturhólar (E17) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Efnistökusvæðið er um 18 ha að stærð, þar er heimiluð malarnáma fyrir allt að 200.000 m³ ásamt efnislosun. Fyrirhugað er að skipta efnistökusvæðinu í tvennt og verða um 13-15 ha af land innan deiliskipulagsvæðis. Deiliskipulagið mun taka til nýtingu svæðisins og frágangi þess til næstu 15 ára en áætlað er að loka svæðinu 2040. Áætlað er að vinna allt að 150.000 m³ af efni úr námunni, samhliða vinnslunni verður unnið að landmótun og frágangi svæðisins. Gerð verður minniháttar breyting á aðalskipulagi þar sem efnistökusvæðinu E17 verður skipt upp í tvennt og verður nýtt svæði skilgreint fyrir norðurhlutann, eða þess hluta svæðis sem nú er innan E17 og innan upprunals Klausturhóla í Grímsnesi (L168258). Innan þess svæðis verður heimiluð efnistaka fyrir allt að 50.000 m³ og verður fyrir utan fyrirhugaða afmörkun á deiliskipulagsvæði. Skilmálar E17 verða því lítt breyttir, umfram það að svæðinu verður skipt upp.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

4. Lindarbær 1A L165304; Skilgreining svæðis; Byggingarreitir og aðkoma; Deiliskipulag - 2603077

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Lindarbæjar 1A L165304. Deiliskipulagið tekur til 3,76 ha afmörkunar á 15 ha spildu undir 3 byggingarreiti fyrir bílskúr við eldra íbúðarhús, nýtt íbúðarhús og bílskúr, gestahús og skemmu/fjórhus/hesthús/reiðhöll með sambyggt gróðurhús. Skipulagsvæðið tekur yfir 3 byggingarreiti og aðkomu að svæðinu. Innan byggingarreita skikans er heimilt að byggja allt að 2000 m² í samræmi við byggingarheimildir á landbúnaðarlandi.

5. Ormsstaðir L168271; Frístundasvæði F66; Deiliskipulag - 2506021

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðis F66 í landi Ormsstaða. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarreita og leiðréttingar á legum lóða og vega innan svæðisins.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

6. Klausturhólar L177600, Seyðishólar; Námusvæði skipt í tvö svæði; Aðalskipulagsbreyting -2605033

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2026, að auglýsa niðurstöðu sveitarfélagsins er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felst í að skipta upp efnistökusvæðinu á Klausturhólum E17 í tvennt, nýtt svæði, E32 tekur yfir nyrsta hluta svæðisins sem nú er innan E17, þ.e. þess svæðis sem er innan upprunals Klausturhóla í Grímsnesi L168258. Útmörk verða óbreytt.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. - 3. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 28. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 19. júní 2026.

Mál 4. og 5. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 28. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 9. júlí 2026.

Mál 6. er birting og tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS

Nýbyggingar • Viðgerðir • Endurbætur

ÁREIDANLEG ÞJÓNUSTA MEÐ REYNSLU

Nú einnig:

PALLA- & KERRULEIGA

PALLALEIGA
1 vikka lágmark

Við notum við Goffi ítalíka vinnuþætti sem eru þægilegir í uppsetningu og benta vel fyrir ýms verkefni.

KERRULEIGA
1 dagur lágmark

Humbar treggja boka kerra, stærð 4x2 m með 2 tonna burðargata. Hægt er að fella niður skjólbox? allan hringinn.

AFHENDING Í BÓDI

Afhending eftir samkomulagi.

SÓTT OG SKILAÐ Á SELFOSSI

Sími 659-3522

PALLALEIGA 1 vikka lágmark
KERRULEIGA 1 dagur lágmark

Veffang sudurhus.is

Netfang info@sudurhus.is

TRAUST ÞJÓNUSTA - BETT LAUSN - GÓÐ FRAMKYMND

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smáramir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Arnessyslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus.
Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



BYGGÐA-RAF

LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Á SUÐURLANDI

Tómas Örn

Sími: 897 2027

tommisnorra@gmail.com

KIRKJUR

Frá Árborgarprestakalli

Messað verður í
Laugardælakirkju kl. 14 sunnu-
daginn 31. maí
Sr. Anna Eiríksdóttir þjónar fyrir
altari og prédikar
Guðmundur Eiríksson leikur und-
ir almennan safnaðarsöng
Verið hjartanlega velkomin

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 á þrenningarhátíð,
sunnudaginn 31. maí. Sr. Kristín
Þórunn Tómasdóttir þjónar fyrir
altari og prédikar. Jón Bjarnason
leikur á hljóðfæri og leiðir safna-
aðarsöng. Lestrar og bænir eru í
höndum sóknarnefndar
Skálholtssóknar. Eftir messu er
aðalsafnaðarfundur sóknarinnar.
Þar er boðið upp á léttan hádeg-
isverð. Sóknarbörn eru hvött til
að mæta og eru innilega velkom-
in.

Sólheimakirkja

Messa sunnudaginn 31. maí kl.
14. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir þjónar fyrir altari og
predikar. Jón Bjarnason leikur og
syngur við hvum sinn fingur.
Innilega velkomin öll.

Skipulag, ábyrgð og meirihlutamyndun

Í meirihlutaviðræðum eftir kosningar reynir á meira en pólitísk slagorð. Þá kemur í ljós hvernig þau framboð sem í kjöri voru hyggjast raunverulega stjórna sveitarfélagi, hvaða áherslur þeir setja í forgang og hvernig þeir meta ábyrgð sína gagnvart samfélaginu til lengri tíma.

Undanfarna viku hafa skipulagsmál verið fyrirferðarmikil í þeim viðræðum sem átt hafa sér stað í Hveragerði. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Skipulagsmál eru meðal stærstu og mikilvægustu verkefna sveitarfélaga. Þau móta þróun bæjarins, hafa áhrif á þjónustu, innviði og fjárhag sveitarfélagsins um ókomin ár.

En einmitt þess vegna þurfa slíkar ákvarðanir að byggjast á ábyrgð, festu og faglegum vinnubrögðum.

Í óformlegum viðræðum Framsóknar, Okkar Hveragerðis og Samfylkingarinnar kom skýrt fram að Samfylkingin lagði ríka áherslu á breytingar á skipulagsmálum. Framsókn og Okkar Hveragerði voru tilbúin til samtals og tilbúin að ræða málin af yfirvegun og á faglegum grunni. Hins vegar lögðum við jafnframt áherslu á að sveitarfélagið yrði að gæta að ábyrgri stjórn-sýslu, fyrirsjáanleika og þeim skuldbindingum sem felast í samþykktu skipulagi.

Það varð að lokum megin-ástæða þess að þessi framboð náðu ekki saman um meirihluta.

Ákvörðun um skipulagsmál snýst nefnilega ekki eingöngu



um pólitíska sýn hverju sinni. Hún snýst líka um traust, um það hvort sveitarfélagið standi við eigin samþykktir og hvort íbúar, landeigendur og atvinnulíf geti treyst því að leikreglur breytist ekki skyndilega eftir að ákvarðanir hafa verið teknar.

Ef sveitarfélög skapa þá mynd að samþykkt skipulag sé alltaf opið fyrir pólitískum vendingum eftir kosningar getur það haft víðtæk áhrif. Það getur tafið uppbyggingu, skapað fjárhagslega óvissu og í sumum tilfellum aukið áhættu sveitarfélagsins sjálfs.

Þess vegna vekur það athygli að Samfylkingin hefur nú hafið formlegar meirihlutaviðræður við D-listann. Eðlilegt er að draga þá ályktun að D-listinn sé tilbúinn að ganga lengra til móts við þær kröfur sem settar voru fram í þessum viðræðum en Framsókn og Okkar Hveragerði töldu ábyrgt að gera.

Það er áhugavert í ljósi þess

að D-listinn lagði mikla áherslu á það í kosningabaráttunni að standa fyrir ábyrgum rekstri og festu í fjármálum sveitarfélagsins. Ábyrg fjármálastjórn snýst hins vegar ekki aðeins um rekstrartölur á blaði. Hún snýst líka um stöðugleika í stjórn-sýslu, trúverðugleika sveitarfélagsins og getu þess til að standa við eigin ákvarðanir.

Hveragerði stendur frammi fyrir stórum verkefnum á næstu árum. Til að mæta þeim þarf bæði skýra framtíðarsýn og ábyrg vinnubrögð. Það krefst þess að ákvarðanir séu teknar af festu, yfirvegun og með heildarhagsmunum bæjarins að leiðarljósi - líka þegar pólitískur þrýstingur er mikill.

Marta Rut Ólafsdóttir,
oddviti Framsóknar
í Hveragerði

Lárus Jónsson, oddviti
Okkar Hveragerðis

Emelía Ósk áfram á Selfossi

Línumaðurinn Emelía Ósk Laðalsteinsdóttir hefur skrifað undir nýjan samning við Handknattleiksdeild Selfoss.

Emelía Ósk er átján ára gömul og hafði leikið með Fjölni alla sína ævi þar til hún gekk til liðs við Selfoss síðasta haust. Emelía var því að ljúka sínu fyrsta tímabili á Selfossi og í vetur lék hún stórt hlutverk bæði í vörn og sókn. Emelía Ósk hefur undanfarna ár verið fastamaður í yngri landsliðum Íslands en hún fer á HM í Kína í sumar með U-20 ára liði Íslands.

Emelía segist vera spennt

fyrir komandi vetri með Selfossi og er Handknattleiksdeild Selfoss einnig spennt að fylgjast

með Emelíu halda áfram að bæta sig í vinnrauðu treyjunni.

UMFS



Sr. Arnaldur ráðinn prestur í Árborgarprestakalli

Sr. Arnaldur Arnold Bárðarson hefur verið ráðinn prestur í Árborgarprestakalli og tekur við starfi sínu 1. ágúst næstkomandi.

Arnaldur hefur víðtæka reynslu af prestsþjónustu bæði á Íslandi og í Noregi. Hann hefur áður starfað meðal annars á Akureyri, í Eyrarbakkaþrestandakalli og í Árborgarprestakalli. Frá ársbyrjun 2023 hefur hann

þjónað sem prestur í Austfjarðaþrestandakalli.

Arnaldur er menntaður guðfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur einnig lokið framhaldsnámi í guðfræði og menntunarfræðum.



Mynd: Þjóðkirkjan.

Nýr þjónustusamningur milli Svf. Árborgar og Skátafélagsins Fossbúa

Sveitarfélagið Árborg hefur undirritað nýjan þjónustusamning við Skátafélagið Fossbúa um starfsemi félagsins fyrir íbúa á svæðinu. Samningurinn er ætlaður til að styrkja starfsemi félagsins og styðja við áframhaldandi uppbyggingu þess á komandi árum. Samningurinn gildir til loka árs 2030 og var undirritaður af Braga Bjarnasyni, bæjarstjóra Árborgar, og Thelmu K. Kvaran félagsforingja.

Samkvæmt samningnum mun skátafélagið hljóta stuðning vegna barna- og ungmennastarfs síns auk þess að taka þátt

í framkvæmd ýmissa samfélagsverkefna, þar á meðal viðburða á borð við sumar daginn fyrsta, 17. júní hátíðarhöld, fjölskyldugöngu og fjölskylduvöku. Þá verður einnig lögð áhersla á áframhaldandi samstarf við sveitarfélagið um verkefni sem tengjast farsæld barna og samþættingu þjónustu fyrir börn og fjölskyldur.

Undanfarin misseri hafa Árborg og skátafélagið jafnframt unnið saman að þróun nýs skátasvæðis á Selfossi. Nýtt deiliskipulag hefur nú verið samþykkt fyrir grænt svæði við Sunnulækjarskóla



Markmiðið er að skapa gott útivistarsvæði sem nýtist skátastarfinu, skólum og íbúum til framtíðar. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.



Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

þar sem félagið fær aðstöðu til að byggja upp starfsemi sína. Svæðið verður þó ekki eingöngu ætlað skátunum heldur einnig opið almenningi til útivistar og afþreyingar. Áformað er að hefja uppbyggingu

félagsaðstöðu fyrir skátastarfið strax á þessu ári og í kjölfarið verður útsvæðið þróað áfram á næstu árum. Hugmyndir að skipulagi og möguleikum svæðisins hafa verið unnar í samstarfi umhverfiseildar sveitarfélagsins og skátafélagsins.

Hannes Höskuldsson er íþróttá- og afreksmaður Flóahrepps 2025

Á fjöri í Flóa þann 16. maí voru veitt verðlaun fyrir íþróttá- og afreksmann Flóahrepps 2025. Það var Hannes Höskuldsson frá Stóra-Ármóti sem hlaut verðlaunin þetta árið. Hannes er 27 ára gamall vinstri-hornamaður sem hefur spilað með meistaraflokki Selfoss í handbolta síðan 2018. Hannes er fyrirlíði meistaraflokks karla sem tryggði sér upp í Ólísdeild karla síðastliðið vor. Hann var

hluti af liðinu sem landaði Íslandsmeistaratitli árið 2019. Hannes átti frábært ár í fyrra og var þriðji markahæsti leikmaður í Ólís-deild karla á liðnu tímabili með 161 mark. Hann var jafnframt valinn leikmaður ársins í handbolta-deildinni á síðasta tímabili. Hannes er flott fyrirmynd, innan vallar og utan og því tilvalið að heiðra hann í hans heimasveit.



Hannes Höskuldsson, íþróttá- og afreksmaður Flóahrepps 2025. Mynd: Flóahreppur.



Flottur hópur stuðningsmanna Arsenal í miðbænum á Selfossi. Mynd: Kjartan Björnsson.

Arsenalmenn fögnuðu Englandsmeistaratitli á Selfossi

Mikil stemning ríkti í miðbæ Selfoss um helgina þegar stuðningsfólk enska knattspyrnuliðsins Arsenal kom saman til að fagna Englandsmeistaratitli félagsins. Samkoman fór fram á Sviðinu í miðbænum þar sem um 250 stuðningsmenn og konur mættu til að taka þátt í hátíðarhöldunum. Fjölskyldustemming var ríkjandi á svæðinu þar sem fólk á öllum aldri kom saman til að gleðjast yfir árangri félagsins. Þá var Björn Ingi Gíslason útnefndur heiðursfélagi Arsenalklúbbsins á Íslandi í hálfleik viðburðarins. Arsenalklúbburinn á Íslandi var stofnaður árið 1982 af tveimur Selfyssingum og hefur félagið átt dyggan stuðningshóp á Suðurlandi í gegnum tíðina. Sunnlenskir Arsenalstuðningsmenn voru fjölmennir á viðburðinum og létu vel í sér heyra þegar bikargleðin stóð sem hæst.



Kjartan Adolfsson, gjaldkeri Arnselklúbbsins, og Björn Ingi Gíslason. Mynd: Kjartan Björnsson.

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

prentmet
heildarlausnir í prentun

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

LAGNALAND
LAGNALANDS
ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is LAGNALAND EHF.

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðskipti
Bilverk BA
Far sem
fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAGLAUF
VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHREINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN
510 1180 - 669 8441

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI
ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA
Löggiltir húsasmíðameistarar
848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN
GBHUS@GBHUS.IS

SAGTÆKNI EHF
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
sími 567 4262
sagtaekni@sagtaekni.is - www.sagtaekni.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM S: 692-2575
800 SMÍÐI

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**
Sími: 861 1919 YFIR
stifla.selfoss@gmail.com 20 ÁRA
REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is